



Fundargerð – 557. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 9. apríl kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Ingbór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Öundur Jónasson, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Steinþór Þórðarson.

Aðrir gestir: Kristján Ragnarsson, endurskoðandi

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Endurskoðaður ársreikningur fyrir 2023
3. Breytingar á samþykktum fyrir aðalfund
4. Upplýsingaöryggisstefna Kölku til afgreiðslu
5. Önnur mál.

1. Endurskoðaður ársreikningur fyrir 2023

Endurskoðandi Kölku fór yfir ársreikning 2023, m.a skýrslu stjórnar, áritun óháðra endurskoðanda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi, skýringar við einstaka liði ársreikningsins og sundurliðanir. Endurskoðandi fór einnig yfir endurskoðunarskýrsluna fyrir árið.

Ársreikningurinn var að lokum lagður fyrir stjórn, hann samþykktur og undirritaður af stjórn.

2. Breytingar á samþykktum fyrir aðalfund

Framkvæmdastjórinn fór yfir breytingar á samþykktum sem kynntar voru fyrir stjórn á seinasta fundi. Framkvæmdastjórinn upplýsti um ábendingar sem hann fékk frá endurskoðanda Kölku á 4. gr. og breytingar sem þeir lögðu til á greininni. Stjórn hafði ekki athugasemdir við breytingartillögurnar og samþykkti þær.

Samþykktirnar voru að loknum lagðar fyrir stjórn og þær samþykktar.

3. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór m.a. yfir öryggismál, starfsmannamál, brennslan í mars, staðan í Grindavík, flokkunarárangur fyrsta tímabilið í nýju fyrirkomulagi, árangur í múrbroti, heimsókn til UST og Skör ofar.

4. Upplýsingaöryggisstefna Kölku til afgreiðslu

Framkvæmdastjórinn fór yfir upplýsingaöryggisstefnu Kölku en stefnan var lögð fyrir á seinasta fundi. Stjórn hafði engar athugasemdir, samþykkti stefnuna og undirritaði.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:46
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 7. maí 2024.

Fundargerð samþykkt með undirritun.

Önundur Jónasson

Svarar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson